

Stjórnarfundur LSG (1)

Landeigendafélag Sléttu – og Grunnavíkurbrepps

31.5.2017

Kl. 17:15

Boðaður af	Ingvi Stígsson formaður	Fundur	Stjórnarfundur nr. 1
Fundarstaður	Borgartún 30a, 5h.	Fundarritari	Gunnar H. Kristjánsson
Viðstaddir:	Ingvi Stígsson formaður (IS), Sölvi Sólbergsson varaformaður (SS), Gunnar H. Kristjánsson (GHK) stjórnarmaður, Margrét Katrín Guðnadóttir (MKG) stjórnarmaður, Finnbjörn A. Hermannsson (FAH) stjórnarmaður, Halldóra Kristinsdóttir (HK) varamaður, Sigrún Þorvarðsdóttir (SÞ) varamaður		

Fundargerð

Fundarliður 1: Verkaskipting, ss ritari og gjaldkeri

Niðurstöður:

Ingvi (IS) var kjörinn formaður á nýafstöðum aðalfundi og Sölvi (SS) var einnig kjörinn varaformaður á sama aðalfundi. Því þurfti að skipta verkum meðal annarra nýkjörinna stjórnarmanna á þessum fyrsta stjórnarfundum. Margrét (MKG) bauð sig fram sem gjaldkeri og var það samþykkt. Gunnar (GHK) bauð sig fram sem ritari og var það samþykkt og tók hann strax til starfa.

Verkliðir	Ábyrgð	Lokið
✓ Fá fundargerðarbækur og fá tilboð í skönnun þeirra	GHK	Fyrir næsta fund
✓ Fá fyrri ársskýrslur	IS	Fyrir næsta fund

Fundarliður 2: Hornstrandanevnd – hlutverk og skipan

Niðurstöður:

Matthildur Guðmundsdóttir hættir í Hornstrandanevnd fh. LSG og Erling Ásgeirsson hættir einnig í nefndinni fh. LSG. Ingvi (IS), Sölvi (SS) og Margrét (MKG) verða fulltrúar LSG í Hornstrandanevnd a.m.k. til næstu tveggja ára.

Fundarliður 3 Stjórnunar – og verndaráætlun

Niðurstöður:

LSG hefur átt þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd um verkefnið. Nefndina skipa fulltrúar rétthafa lands, skipulagsvald svæðisins auk Umhverfisstofunar sem er umsjónaraðili friðlandsins.

Sömu fulltrúar LSG verða áfram í samstarfsnefnd um stjórnunar- og verndaráætlun Hornstranda og verið hafa. Sjá fundarlið 2. IS undirbýr kynningarfundum með hagsmunaaðilum.

Verkliðir	Ábyrgð	Lokið
✓ Undirbúnir kynningarfundir með hagsmunaaðilum	IS	Fyrir næsta fund

Fundarliður 4 Tillaga Borea Adventures um styrktarsjóð „Fé fyrir fótspor“.

Niðurstöður:

Komin er fram tillaga frá Borea um styrktarsjóð sem m.a. hefur eftirfarandi markmið; að styrkja uppbyggingu innviða Hornstranda, styrkja útgáfu korta/upplýsingaskilta, styrkja verndun minja í Hornstrandalandinu og önnur verkefni. Vísað er í tillöguna í heild sinni eins og hún liggur fyrir af hálfu Borea. Rukkað yrði tiltekið gjald per farþega sem færi í þennan styrktarsjóð. Málið verði skoðað nánar af stjórnarmönnum og afgreiðsla stjórnar verði með innbyrðis samskiptum í gegnum tölvupóst.

Fundarliður 5 Önnur mál sem félagið hefur verið að fylgjast með

Engar niðurstöður

Fundarliður 6 Önnur mál

Niðurstöður:

Verkliðir	Ábyrgð	Lokið
✓ IS setur sig í samband við Odd varðandi pistla um deiliskipulagsmál	IS	Fyrir næsta fund

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 19:30